

Reykjavík 17.mars 1992

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis,  
Alþingi,  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 115 / 716*  
*komudagur 20 / 3 1992*

## Frumvarp til laga um Viðlagatryggingu Íslands

Viðlagatryggingu Íslands hefur frá nefndinni borist í hendur umsögn Tryggingaeftirlitsins um frumvarp það til laga um Viðlagatryggingu sem stjórn stofnunarinnar lét semja og sem heilbrigðis- og tryggingaráðherra lagði fram óbreytt. Laganefnd er starfaði í umboði stjórnar Viðlagatryggingar hefur að ósk háttvirtrar heilbrigðis- og trygginganefndar gert athugasemdir við álit Tryggingaeftirlitsins frá 24. janúar 1992 í þeim tilvikum þar sem skýringa á frumvarpinu hefur verið talin þörf. Stjórn Viðlagatryggingar Íslands hefur fjallað um bréf þetta og lýsir sig sammála þeim sjónarmiðum er þar koma fram og leyfir sér að vísa í athugasemdir laganefndar um umsögn Tryggingaeftirlitsins. Nokkur atriði í umsögn Tryggingaeftirlitsins eru hinsvegar þess eðlis að rétt þykir að stofnunin sjálf geri þar athugasemdir til nánarri skýringa og til að fyrirbyggja misskilning. Einnig telur hún rétt að koma á framfæri nokkrum almennum sjónarmiðum er voru kveikja að þessari endurskoðun laga um starfsemi Viðlagatryggingar.

### Tildrög lagabreytinga

Megintilgangur stjórnar Viðlagatryggingar Íslands við endurskoðun á núverandi lögum um starfsemi stofnunarinnar var sá að sníða af nokkra annmarka er fram höfðu komið á þeim tíu árum sem lög þessi hafa í gildi verið. Nokkrar lagagreinar hafa reynst illframkvæmanlegar og þörf var á nánari útfærslu nokkurra ákvæða í ljósi reynslu. Laganefnd skipuð færustu sérfræðingum á sviði vátryggingaréttar, tryggingamála og tjónamatsmála vann síðan að stefnumótun, nánari útfærslu og aðhæfingu að ríkjandi venjum í vátryggingarétti.

## Breytingar á tryggingavernd

Varðandi viðlagatryggingu á ræktuðu landi og lóðum er rétt að fram komi, til viðbótar við athugasemdir laganefndar, að stofnunin hefur allt frá því að núverandi lög gengu í gildi freistað þess í samráði við Fasteignamat ríkisins og fleiri stofnanir að koma á virku innheimtukerfi á iðgjöldum vegna ræktaðs lands. Vandkvæði hafa verið mikil. Fasteignamat ræktaðs lands innifelur nokkra þætti aðra en ræktunina sjálfa sem vart geta orðið hluti af tryggingarstofni. Eignarhaldsmál ræktaðs lands eru mjög flókin, eigendur margir að sumum eignum eða dánarbú. Niðurstaða fjölmargra funda gegnum árin hefur í stuttu máli orðið sú að ekki svaraði kostnaði að freista þess að innheimta iðgjöld á ræktuðu landi. Kostnaður af innheimtu yrði meiri en iðgjöldunum næmi. Engin vandkvæði hafa verið með innheimtu á iðgjöldum af lóðum en ekki hefur verið talin ástæða til að mismuna eigendum með því að innheimta iðgjöld af þeim einum saman.

Misskilnings gætir í umsögn Tryggingaeftirlitsins hvað viðlagatryggingu hafnarmannvirkja áhrærir. Að frumkvæði Viðlagatryggingar voru hafnarmannvirki sérmetin og eftir að mat þetta lá fyrir hefur iðgjald verið innheimt með góðum skilum. Sama gildir um raforkudreifikerfi Landsvirkjunar. Landsvirkjun hefur um árabil keypt sérstaka váttryggingu fyrir raforkuver sín í samræmi við þar að lútandi samkomulag milli Viðlagatryggingar og tryggingamálaráðherra annars vegar og Landsvirkjunar hinsvegar. Hefur þetta gefið góða raun þar sem Landsvirkjun hefur átt kost á hagstæðari kjörum á erlendum tryggingamarkaði en Viðlagatryggingu bjóðast þar sem hamfarapátturinn er aðeins hluti stærri tryggingasamnings sem innifelur áhættuminni tryggingar. Viðlagatryggingu hefur einnig orðið þetta fyrirkomulag til góðs þar sem hægara hefur verið fyrir stofnunina að kaupa endurtryggingarvernd á erlendum markaði er orkuverin eru undanskilin. Sú tillaga sem felst í frumvarpinu um breytingu á tryggingarskyldu Pósts- og síma er í samræmi við óskir forráðamanna stofnunarinnar. Loks er þess að geta að Viðlagatrygging hefur ekki kosið að fara fram með offorsi við einhliða ákvörðun tryggingaupphæða og beitingu innheimtuaðgerða í framhaldi af því eftir strangasta laganna bókstaf heldur fremur kosið samvinnu og samstarf við viðkomandi aðila.

Hvað varðar áframhaldandi skyldutryggingu á höfnum og ýmsum veitumannvirkjum í eigu sveitarfélaga og annarra opinberra aðila virtust hagkvæmnisrök og tjónareynsla mæla með óbreyttri tilhögun mála


### Bókhald, endurskoðun og ávöxtun fjár

Hvað varðar bókhald stofnunarinnar, endurskoðun og ávöxtun fjár er rétt að fram komi að Viðlagatrygging Íslands hefur átt ágætt samstarf

við starfsfólk Seðlabanka Íslands um þessi mál og væntir þess að framhald verði á, enda fylgir því ótvíræð hagkvæmni í opinberum rekstri. Viðlagatrygging og endurkoðendur Seðlabankans hafa lagt sig í líma við að sinna óskum Tryggingaeftirlitsins, t.d. um uppsetning ársreiknings í samræmi við almennu félögin þótt Viðlagatrygging, sem er opinber stofnun undanþegin opinberum gjöldum, hafi sjálf engin skattaleg not af færslu talna milli hinna ýmsu sjóða á efnahagsreikningi. Viðlagatrygging hefur í sjálfu sér aðeins einn og óskiptan varasjóð. Það var í samræmi við óskir Tryggingaeftirlitsins að gefin er kostur á öðru fyrirkomulagi varðandi endurskoðun en því sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Ekki er hinsvegar á döfinni hjá stofnuninni að breyta núverandi fyrirkomulagi a.m.k. fyrst um sinn. Viðlagatrygging Íslands hefur frá upphafi kappkostað að halda reksturs- og stjórnunarkostnaði í algjöru lágmarki og mun ekki ótilneydd huga að útpenslu í þessum efnum þrátt fyrir brýningar annarra opinberra aðila.

Viðlagatrygging hefur átt ágætt sámsstarf við Seðlabanka um ávöxtun fjár. Leitast hefur verið við að tryggja sem best ávöxtun fjárins og öryggis fjármuna á hverjum tíma. Nú er um 800 miljónir króna af sjóði stofnunarinnar ávaxtaðar í erlendum gjaldeyri á sérstökum gjaldeyrisreikningum og er það stefna stjórnarinnar að upphæð sem næmi sem næst eigin áhættu Viðlagatryggingar í fyrsta tjóni sé tiltæk í erlendum gjaldeyri. Upplýsingar þær um fjárfestingarform stofnunarinnar sem fram koma í álit Tryggingaeftirlits byggja á eldri gögnum og eiga ekki lengur við. Sú leið hefur enn ekki verið farin, sem nýlega hefur opnast, að freista þess að ávaxta fé Viðlagatryggingar að einhverju leyti erlendis. Kemur það mjög til álita ef hagkvæmt þykir og nauðsynlegt. Virðist þá liggja beint við fyrir stofnunina að notfæra sér faglega ráðgjöf og viðskiptasambönd Seðlabanka Íslands. Slíkt ætti því ekki að draga úr samstarfi þessara stofnanna.

Virðingarfyllst,

  
Guðmundur P. B. Ólafsson  
stjórnarformaður

  
Geir Zoëga  
framkvæmdastjóri

Samrit sent heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra